

Stóðhestar með afkvæmum
Heiðursverðlaun

Landsmót hestamanna 2014

IS2001186915 Vilmundur frá Feti

Litur: Dökkbrúnn

Ræktandi: Brynjar Vilmundarson

Eigandi: Hrossaræktarþúíð Fet

F: IS1986186055

Orri frá Þúfu

Ff: IS1982151001

Otur frá Sauðárkróki

Fm: IS1983284555

Dama frá Þúfu í Landeyjum

M: IS1992286930

Vigdís frá Feti

Mf: IS1988158714

Kraflar frá Miðsitju

Mm: IS1984258260

Ásdís frá Neðra-Ási

Kynbótamat Meðaleink.

Hæð	0,1	
Höfuð	108	7,85
Háls, herðar	104	7,99
Bak, lend	110	8,09
Samræmi	108	8,14
Fótagerð	96	7,74
Réttleiki	94	7,51
Hófar	118	8,20
Prúðleiki	100	7,42

Sköpulag 111 7,99
Afkvæmafrávik sköpulags -5

Aðaleinkunn 125 8,03

Dæmd afkvæmi 56

Litaskipting afkvæma:

Brún	41	73,2%
Jörp	8	14,3%
Móalótt	4	7,1%

Kynbótamat Meðaleink.

Tölt	118	8,29
Hægt tölt	118	8,12
Brokk	113	7,96
Skeið	119	7,41
Stökk	112	8,04
Hægt stökk		7,51
Vilji	122	8,40
Fegurð í reið	122	8,24
Fet	98	7,63

Hæfileikar 124 8,05
Afkvæmafrávik hæfileika 1

Afkvæmafrávik aðaleinkunnar 0

Öryggi 97%

Brúnskjótt	2	3,6%
Móvindótt	1	1,9%

Vilmundur gefur hross í meðallagi að stærð. Höfuð er myndarlegt, eyrun eru vel borin og fínleg en oft löng og augun full smá. Hálsinn er reistur og mjúkur en djúpur við háar herðar. Baklína er yfirleitt góð og lendin djúp og öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt en ekki léttbyggð. Fótagerð er í meðallagi en réttleiki síðri. Hófar eru mjög góðir; efnisþykkir og djúpir með hvelfdan botn. Prúðleiki er í tæpu meðallagi. Vilmundur gefur lyftingarmikið og taktgott tölt, brokkið er skrefmikið en stundum ferðlítið. Flest afkvæmin eru alhliðageng. Skeiðið takthreint og sniðgott og eru í hópnum nokkrir afburðavekringar. Stökkið er ferðmikið en sviflítið. Fetið er taktgott en skrefstutt. Viljinn einkennist meira af þrótti en þýðleika og hafa afkvæmin orkumikla framgöngu og góðan fótaborð.

Vilmundur gefur þokkalega byggð hross með góða yfirlínu. Þau eru búinn gæðingskostum og eru alhliðgeng, orkumikil afkastahross með mikinn fótaborð. Vilmundur hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fyrsta sætið.

IS1998187002 Stáli frá Kjarri

Litur: Móalóttur

Ræktandi og eigandi: Helgi Eggertsson

F:	IS1990157003	Galsi frá Sauðárkróki
Ff:	IS1974158602	Ófeigur frá Flugumýri
Fm:	IS1980257000	Gnótt frá Sauðárkróki
M:	IS1991286414	Jónína frá Hala
Mf:	IS1976157005	Pokki frá Garði
Mm:	IS1980258580	Blökk frá Hofsstöðum

Kynbótamat Meðaleink.

Hæð	-0,8	
Höfuð	91	7,61
Háls, herðar	108	8,18
Bak, lend	115	8,15
Samræmi	119	8,35
Fótagerð	90	7,81
Réttleiki	106	7,70
Hófar	110	8,19
Prúðleiki	86	7,34

Sköpulag 110 8,05
Afkvæmafrávik sköpulags 3

Aðaleinkunn 121 8,06

Dæmd afkvæmi 71

Litaskipting afkvæma:

Brún	18	25,4%
Móalótt	16	23,0%
Fífilbleik	10	14,1%

Rauð	8
Grá	6
Jörp	5

Öryggi 98%

Bleikálótt	3	4,2%
Skjótt	3	4,2%
Vindótt	2	2,82%

Kynbótamat Meðaleink.

Tölt	114	8,32
Hægt tölt	109	7,98
Brokk	106	7,92
Skeið	121	7,48
Stökk	103	7,95
Hægt stökk		7,54
Vilji	120	8,47
Fegurð í reið	117	8,24
Fet	99	7,61

Hæfileikar 121 8,07
Afkvæmafrávik hæfileika 2

Afkvæmafrávik aðaleinkunnar 2

Stáli gefur hross í tæpu meðallagi að stærð. Höfuðið er að jafnaði skarpt og þurr en nokkuð ber á krummanefi og slakri eyrnastöðu. Hálsinn er fínlegur; grannur og klipin í kverk en bógar mættu vera skásettari. Bakið er afar breitt og vöðvað og baklínan er góð, lendin jöfn en stundum grunn. Afkvæmin eru sérstaklega léttbyggð og sívalvaxin en sum afturrýr og full grannbyggð. Fætur eru þurrir, sínar öflugar en sinastæði lítið. Réttleiki fóta einkennist af nágengni að aftan og útskeifni að framan. Hófar eru góðir; efnisþykkir og djúpir. Prúðleiki er afar slakur. Afkvæmin eru skrefmikil, mjúk og hágeng á tölti. Brokkið er skrefmikið en ekki rúmt. Stökkið er teygjugott en oft sviplútið og fetið takthreint en skrefstutt. Nær öll afkvæmi Stála eru alhliðageng og er skeiðgeta afbragð, bæði að rými og öryggi. Afkvæmin eru þjál og þéttviljug og fara vel með háum, rúnum hreyfingum.

Stáli gefur þurrbyggð og fínleg hross. Flest eru þau alhliðagengir gæðingar með góðu tölti, mikilli framhugsun og frábærri skeiðgetu. Stáli hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og annað sætið.

Stóðhestar með afkvæmum
1. verðlaun

Landsmót hestamanna 2014

IS2003156956 Kvistur frá Skagaströnd

Litur: Brúnn/milli –stjarna, nös eða tvístj. auk leista eða sokka.

Ræktandi og eigandi: Sveinn Ingi Grímsson

F: IS1995135993

Hróður frá Refsstöðum

Ff: IS1992135930

Léttir frá Stóra-Ási

Fm: IS1989235990

Rán frá Refsstöðum

M: IS1989235050

Sunna frá Akranesi

Mf: IS1985136002

Blær frá Höfða

Mm: IS1978235895

Bylgja frá Sturlureykjum 2

Kynbótamat Meðaleink.

Hæð	2,9	
Höfuð	117	8,13
Háls, herðar	117	8,42
Bak, lend	113	8,18
Samræmi	125	8,53
Fótagerð	103	7,95
Réttleiki	99	7,63
Hófar	102	8,0
Prúðleiki	114	8,03

Sköpulag 123 8,19
Afkvæmafrávik sköpulags 7

Aðaleinkunn 126 8,05

Dæmd afkvæmi 19

Litaskipting afkvæma:

Brún	8	42,0%
Rauð	7	37,0%
Jarpur	1	5,3%

Kynbótamat Meðaleink.

Tölt	115	8,18
Hægt tölt	106	7,76
Brokk	119	8,03
Skeið	117	7,26
Stökk	112	8,05
Hægt stökk		7,84
Vilji	115	8,21
Fegurð í reið	116	8,08
Fet	103	7,68

Hæfileikar 122 7,95
Afkvæmafrávik hæfileika 0

Afkvæmafrávik aðaleinkunnar 2

Öryggi 95%

Móálótt	1	5,3%
Grár	1	5,3%
Leirljós	1	5,3%

Kvistur gefur stór og myndarleg hross. Hann gefur fríðleika á höfuð, augun eru vel opin og eyrun fínleg. Hálsinn er grannur, langur og mjúkur við háar herðar en mætti stundum vera reistari í reið. Baklínan er góð, bakið er vöðvafyllt og lendin öflug. Afkvæmin hafa að jafnaði úrvalsgott samræmi; mikla fótahæð og sívalan, langvaxinn bol. Fótagerð og réttleiki eru í meðallagi og hófar þokkalegir. Prúðleiki er jafnan góður. Afkvæmin eru takthrein, skrefmikil og lyftingargóð á tölti en mættu sum vera burðarmeiri á hægu. Brokkið er skrefmikið og all rúmt. Vekurð er oftast til staðar og er skeiðið þá gripamikið. Stökkið er teygjugott og hátt. Afkvæmin hafa góðan reiðvilja og fara myndarlega í reið.

Kvistur gefur fríð, framfalleg og ganghrein alhliða reiðhross sem eru glæsileg á velli. Kvistur hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og fyrsta sætið.

IS2004156286 Kiljan frá Steinnesi

Litur: Rauðstjörnöttur, glófextur

Ræktandi: Magnús Jósefsson Eigandi: Ingolf Nordal

F: IS1998187045 Klettur frá Hvammi
Ff: IS1988165895 Gustur frá Hóli
Fm: IS1983287105 Dóttla frá Hvammi
M: IS1993256299 Kylja frá Steinnesi
Mf: IS1981187020 Kolfinnur frá Kjarnholtum 1
Mm: IS1984256027 Hvönn frá Steinnesi

	Kynbótamat	Meðaleink.		Kynbótamat	Meðaleink.
Hæð	-1,1		Tölt	113	8,03
Höfuð	97	7,67	Hægt tölt	107	7,73
Háls, herðar	107	8,13	Brokk	113	7,70
Bak, lend	124	8,47	Skeið	117	7,23
Samræmi	107	8,20	Stökk	117	8,10
Fótagerð	97	7,53	Hægt stökk		7,70
Réttleiki	112	7,87	Vilji	116	8,27
Hófar	106	8,07	Fegurð í reið	115	8,00
Prúðleiki	88	7,13	Fet	100	7,70
Sköpulag	110	7,98	Hæfileikar	120	7,87
Afkvæmafrávik sköpulags	2		Afkvæmafrávik hæfileika	0	
Aðaleinkunn	121	7,91	Afkvæmafrávik aðaleinkunnar	0	
Dæmd afkvæmi	15		Öryggi	93%	
Litaskipting afkvæma:			Leirljós	1	6,67%
Rauð	9	60,0%	Bleikálótt	1	6,67%
Jörp	2	13,3%			
Brún	1	6,67%			

Kiljan gefur hross í tæpu meðallagi að stærð. Afkvæmin hafa fremur góða frambyggingu. Mörg þeirra hafa úrvals bak og lend; bakið er breitt og vöðvafyllt og lendin löng og öflug. Samræmi er yfirleitt gott og afkvæmin eru jafnan hlutfallarétt og fótahá. Fætur eru grannir og sinaskil lítil. Réttleiki er góður og hófar þokkalegir. Afkvæmin eru óprúð. Kiljan gefur alhliðageng og skrefmikil hross en stundum vantar skrokkmýkt. Töltið er takthreint og lyftingargott og brokkið skrefmikið. Stökkið er hátt og viljinn drjúgur. Afkvæmin fara að jafnaði vel með góðri fótlyftu.

Kiljan gefur prúðilega gerð hross með öflugum yfirlínu og góða alhliða reiðhestskosti. Kiljan hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og annað sætið.

IS2003181962 Ómur frá Kvistum

Litur: Bleikstjörnóttur

Ræktandi og eigandi: Kvistir ehf

F: IS1995184651 Víglundur frá Vestra-Fíflholti
Ff: IS1974158602 Ófeigur frá Flugumýri
Fm: IS1987284660 Emanon frá Vestra-Fíflholti
M: IS1997287042 Orka frá Hvammi
Mf: IS1982151001 Otur frá Sauðárkróki
Mm: IS1985287026 Löpp frá Hvammi

Kynbótamat			Kynbótamat		
		Meðaleink.			Meðaleink.
Hæð	1,9		Tölt	112	8,14
Höfuð	101	7,73	Hægt tölt	106	7,75
Háls, herðar	104	8,14	Brokk	102	7,55
Bak, lend	93	7,84	Skeið	117	6,86
Samræmi	107	8,25	Stökk	109	7,91
Fótagerð	110	8,00	Hægt stökk		7,50
Réttleiki	101	7,61	Vilji	118	8,36
Hófar	104	8,11	Fegurð í reið	117	8,14
Prúðleiki	105	7,70	Fet	94	7,32
Sköpulag	109	8,03	Hæfileikar	117	7,81
Afkvæmafrávik sköpulags	0		Afkvæmafrávik hæfileika	-4	
Aðaleinkunn	118	7,90	Afkvæmafrávik aðaleinkunnar	-3	

Dæmd afkvæmi 22

Litaskipting afkvæma:

Rauð 8 36,4%
Fífilbleik 7 32,0%
Brún 4 18,2%

Öryggi 93%

Leirljós 1 4,5%
Bleikálótt 1 4,5%
Móalótt 1 4,5%

Ómur gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Augun eru vel opin og höfuðið er skarpt og þurrt en eyrnastaðan slök og stundum ber á merarskál. Hálsinn er vel settur við skásetta bóga og háar herðar en mætti stundum vera fínlegri. Bakið er burðarmikið en spjaldið stundum stíft og lendin afar öflug. Ómur gefur gott samræmi og einkennir fótahæð afkvæmin. Fætur eru þurrir með góðum sinaskilum og að jafnaði réttir. Hófar eru nokkuð góðir og hafa yfirleitt hvelfdan botn. Prúðleiki er í rúmu meðallagi. Afkvæmin eru hágeng og skrefmikil á tölti og brokki en brokkið stundum ferðlútið. Stökkið er hátt og ferðmikið en sviflútið. Vekurðin er opin og viljinn einarður og þjáll í ungum afkvæmahópi. Afkvæmin fara vel og hafa útgeislun sem skapast af orku og léttu fótataki.

Ómur gefur lofthá og viljug léttleikahross með mikinn fótaborð. Ómur hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og þriðja sætið.